

Efni: Viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögnum stjórnar Lífeyrissjóðs bænda sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um brottfall laga um Lífeyrissjóðs bænda nr. 12/1998, með síðari breytingum, sem lagt var í fyrsta sinn fram á 145 löggjafarþingi. (666. mál).

Ráðuneytið vísar til umsagna stjórnar Lífeyrissjóðs bænda sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd í tengslum við frumvarp til laga um brottfall Lífeyrissjóðs bænda nr. 12/1999, með síðari breytingum, sem lagt var fram á 145 löggjafarþingi (666. mál). Efnislega samhljóða frumvarp hefur að nýju verið lagt fram á Alþingi og er til meðferðar hjá nefndinni.

Í umsögnum stjórnar Lífeyrissjóðsins kemur fram að með niðurfellingu laganna sé verið að skerða réttindi tiltekins hóps sjóðfélaga til greiðslna úr sjóðnum og er í því sambandi vísað til 6. gr. laga um sjóðinn sem kveður á um lífeyri til handa þeim sjóðfélögum sem voru makar bænda á árunum 1971-1983. Stjórn sjóðsins telji því mikilvægt að sérlög gildi áfram um sjóðinn.

Líkt og áður hefur komið fram af hálfu ráðuneytisins er það mat þess að í 6. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda sé kveðið á um áunnin réttindi sem ekki verða tekin af sjóðfélögum þrátt fyrir að lögin falli úr gildi. Ráðuneytið hefur m.a. í því sambandi vakið athygli á að í núgildandi samþykktum sjóðsins (grein 13.6) sé að finna samsvarandi ákvæði og kveðið er á um í 6. gr. laganna og þar sem umrædd makaréttindi eru tryggð.

Ákvæði 6. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda veitir réttindi umfram þau lágmarksréttindi sem kveðið er á um í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Lög 129/1997 kveða á um þau lágmarksréttindi sem lífeyrissjóðum ber að veita sjóðfélögum og er lífeyrissjóðum ekki heimilt að kveða á um lakari rétt í samþykktum lífeyrissjóða en lögin kveða á um. Lögin girða hins vegar ekki fyrir að í samþykktum lífeyrissjóða sé sjóðfélögum veittur betri réttur en lögin kveða á um. Ráðuneytið fellst því ekki á þau sjónarmið sem fram koma í umsögn stjórnar Lífeyrissjóðs bænda.

Efni: Minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins til efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um brottfall laga um Lífeyrissjóðs bænda nr. 12/1998, með síðari breytingum, sem lagt var í fyrsta sinn fram á 145 löggjafarþingi. (666. mál).

Vísað er til fundar sem fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytisins áttu með efnahags- og viðskiptanefnd hinn 27. febrúar sl. vegna frumvarps um brottfall laga um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, með síðari breytingum (67. mál, þskj. 124). Á fundinum óskuðu fulltrúar ráðuneytisins eftir fresti til að endurskoða mat á sérákvæði 6. gr. laganna í ljósi umræðu um inntak greinarinnar og þá sér í lagi hvort ríkissjóður bæri ábyrgð á greiðslu réttindanna, verði lögin felld úr gildi.

Ráðuneytið hefur tekið saman upplýsingar um hvernig fjárframlögum ríkissjóðs hefur verið háttað til sjóðsins. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið hefur Lífeyrissjóður bænda starfað með því markmiði og skipulagi sem greinir í almennu lífeyrissjóðalögum nr. 129/1997, sérlögum um sjóðinn og samþykktum fyrir hann. Í lögum um sjóðinn er kveðið á um heimild til handa ríkissjóði til að greiða mótframlag sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda og hefur ríkissjóður allt frá stofnun sjóðsins árið 1970 greitt að hluta eða í heild framlag á móti iðgjaldi sjóðfélaga en framlagið var ákveðið í fjárlögum hvers árs og reiknað á grundvelli afurðaverðs samkvæmt búvörusamningi. Í kjölfar hrunsins voru framlög úr ríkissjóði til lífeyrissjóðsins felld brott í áföngum og frá upphafi árs 2013 hefur iðgjaldið til lífeyrissjóðsins verið greitt af sjóðfélögum að fullu líkt og almennt gildir um þá sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Hins vegar ábyrgðist ríkissjóður áfram eftirlaun til aldraðra sem fæddir eru 1914 eða fyrr, sbr. II. kafla laganna, og leiðir afnám laganna ekki til breytinga fyrir þann hóp.

Um langt árabíl voru þannig veitt framlög til sjóðsins á fjárlögum án þess að fyrir lægi sérstök löggjöf eða samningar sem kváðu á um greiðsluskyldu ríkissjóðs.

Í bókun við samning sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Bændasamtala Íslands frá 20. október 2010, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998 og framlög ríkisins til þeirra á árunum 2011 og 2012, greinir að fyrir liggja að ríkissjóður muni láta af greiðslum til sjóðsins og að mótframlag í sjóðinn verði í framtíðinni greitt af sjóðfélögum. Fram kom í bókuninni að til að auðvelda sjóðnum og sjóðfélögum „þá umbreytingu sem breytt fyrirkomulag á greiðslu mótframlags hefur í för með sér, er áformað að ríkissjóður greiði til lífeyrissjóðsins 294 m.kr. einskisframlag sem sjóðurinn mun nýta til að auðvelda aðlögun sjóðfélaga að breyttu fyrirkomulagi þannig að sjóðurinn verði sjálfbær til framtíðar.“ Fjárveitingin var liður í lokauppgjöri ríkissjóðs við sjóðinn og var ætlað að rétta af útreikning á framtíðarhalla á sjóðnum m.v. forsendur sem þá lágu fyrir.

Miðað við þær forsendur lítur ráðuneytið svo á að réttur m.a. skv. 6. gr. laganna, sem sjóðurinn ábyrgðist, hafi verið tryggður til framtíðar og ber ríkissjóður enga fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

Í þessu sambandi er þess enn fremur að geta að samsvarandi ákvæði hafa verið til staðar í samþykktum annarra sjóða án þess að þau hafi hvílt á lagaskyldu, t.a.m. er kveðið á um sambærileg sérákvæði um ótímabundinn eða ævilangan makalífeyri í samþykktum Stapa lífeyrissjóðs (viðauki C, 89. gr.) og samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (14.5. gr.). Þá var talið viðhlítandi að fella 4. mgr. 17. gr. brott úr lögum um Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins frá og með 1. júní nk., en ákvæðið

hefur að geyma samsvarandi ákvæði sem verði í framhaldinu tryggt í samþykktum sjóðsins. Því er ekki fallist á að lagaboð sé nauðsynlegt til að tryggja áunnin réttindi sem þessi.

Að öðru leyti vísar ráðuneytið til minnisblaðs þess til efnahags- og viðskiptanefndar frá 14. febrúar sl.

ÁLIT

unnið af Stefáni Árna Auðólfssyni hdl. og Tómasi Hrafni Sveinssyni hrl.

Efni: Frumvarp til laga um brottfall laga um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999.

1. Viðfangsefni.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur óskað eftir álitum undirritaðra lögmannna á því hvort með niðurfellingu laga nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda geti rétti tiltekins hóps, sem notið hefur réttinda til greiðslna úr sjóðnum, verið raskað þannig að hann falli niður.

Í þessu álitum verður fyrst gerð grein fyrir málavöxtum og helstu sjónarmiðum sem komið hafa fram í athugasemdum Lífeyrissjóðs bænda annars vegar og fjármála- og efnahagsráðuneytisins hins vegar. Farið verður yfir lagagrundvöll lífeyrissjóða, ákvæði um makalífeyri og samþykktir Lífeyrissjóðs bænda. Loks liggja fyrir forsendur og niðurstaða álitsins.

2. Málavextir

2.1. Almennt

Fjármála- og efnahagsráðherra leggur til að lög nr. 12/1999 verði felld úr gildi, með vísan til þess að þátttöku ríkisins í greiðslu iðgjalda sjóðfélaga hefur verið hætt og því þykir ekki lengur ástæða til að sérlög gildi um sjóðinn. Um efni og markmið frumvarps ráðherra til laga um brottfall laga um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, sbr. þingskjal 124 – 67. mál, vísast að öðru leyti til greinargerðar með frumvarpinu.

Í umsögnum frá Lífeyrissjóði bænda, sem framkvæmdastjóri sjóðsins undirritar fyrir hönd stjórnar, kemur fram að lífeyrissjóðurinn telji að með niðurfellingu laganna verði réttindi tiltekins hóps einstaklinga sem notið hefur réttinda til greiðslna úr sjóðnum felld niður þar sem ekki verði heimilt að greiða út hin umræddu réttindi til makalífeyris án skýrrar heimildar í lögum.

Þannig greinir umsagnaraðila og ráðuneytið á um hvort nægilegt sé að kveða á um þau réttindi til makalífeyris sem fjallað er um í 6. gr. laga nr. 12/1999, sem er sérákvæði, í samþykktum lífeyrissjóðsins um við brottfall laganna eða hvort réttindin verði aðeins tryggð með lögum. Í 6. gr. laga nr. 12/1999, segir:

„Nú andast sjóðfélagi sem orðinn var sjóðfélagi fyrir árslok 1983 og skipti ekki réttindum sínum í árslok 1983 með maka sínum og á þá eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum að loknum þeim greiðslutíma sem kveðið er á um í samþykktum til æviloka. Slíkur réttur miðast þó einungis við áunnin réttindi í sjóðnum í árslok 1983 án framreiknings.

Við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar sem tilkynnt var til sjóðsins samkvæmt eldri lögum skal áunnum réttindum sjóðfélaga, þau ár sem hjónabandið eða sambúðin stóð fram til ársloka 1983, skipt að jöfnu hafi þeim ekki áður verið skipt.]“

Vegna umsagna Lífeyrissjóðs bænda og umsagna sem efnahags- og viðskiptanefnd hafa borist frá Kvenréttindafélagi Íslands og Sólrúnu Ólafsdóttur, hefur ráðuneytið óskað eftir því við undirritaða að þeir veiti álit á því hvort niðurfelling laganna valdi skerðingu á réttindum tiltekinna sjóðfélaga, eins og umsagnaraðilar telja að verði.

Undirritaðir hafa ekki komið að málinu á öðrum stigum og telja sig óháða aðilum og því hæfa til að veita umbeðið álit. Bent er á að skammur tími var til að vinna álitid.

Hér á eftir verða helstu sjónarmið Lífeyrissjóðs bænda og fjármála- og efnahagsráðuneytisins reifuð.

2.2. Sjónarmið Lífeyrissjóðs bænda

Lífeyrissjóður bænda sendi efnahags- og viðskiptanefnda Alþingis umsögn þann 18. maí 2016. Þar voru helstu sjónarmið lífeyrissjóðsins reifuð. Helstu athugasemdir lífeyrissjóðsins lutu að brottfall laganna skerti réttindi maka bænda sem voru sjóðfélagar á árunum 1971 til 1983. Ef bóndi falli frá, sem aflaði sér réttinda á þessum árum, á maki hans rétt á venjulegum makalífeyri út á öll

réttindi bóndans í tvö ár. Eftir þann tíma eigi makinn rétt á ævilöngum lífeyri út á helming þeirra réttinda sem bóndinn aflaði á árunum 1971 – 1983, hafi réttindunum ekki verið skipt áður á milli hjóna.

Þá kemur fram í umsögninni að í bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins til sjóðsins, dags. 2. mars 2016, komi fram að það sé mat ráðuneytisins að unnt sé að tryggja ákvæði 6. gr. laga nr. 12/1999 með viðhlítandi ákvæðum í samþykktum enda veitir umrætt ákvæði réttindi umfram þau lágmarksréttindi sem kveðið er á um í ákvæðum laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Fram kemur að stjórn lífeyrissjóðsins meti það svo að svonefnd „*sértæk útgreiðsla lífeyris*”, umfram hefðbundinn lífeyri sem sjóðfélagi hefur áunnið sér, þurfi ávallt að hafa lagastöð. Ekki nægi í því sambandi að byggja þann rétt á samþykktum sjóðsins. Stjórn lífeyrissjóðsins telji því að gjalda beri varhug við því að fella lög in úr gildi og þar með fyrrgreind réttindi, sem séu eignarréttindi og vernduð samkvæmt því.

Í því ljósi telur Lífeyrissjóður bænda mikilvægt að sérlög um sjóðinn verði ekki felld úr gildi heldur þeim aðeins breytt að því er varðar aðkomu ríkissjóðs í lögnum, þ.m.t. um skipun stjórnar og greiðslu mótframlags úr ríkissjóði.

2.3. Sjónarmið fjármála- og efnahagsráðuneytisins

Helstu sjónarmið ráðuneytisins koma einkum fram í minnisblaði, dags. 22. maí 2017. Vísað er til þess að í núgildandi samþykktum Lífeyrissjóðs bænda, nánar tiltekið gr. 13.6, sé að finna samsvarandi ákvæði og kveðið er á um í 6. gr. laga nr. 12/1999. Í því ákvæði samþykktanna séu makaréttindi tryggð með sama hætti og í 6. gr. laga nr. 12/1999. Vísað er til þess að samsvarandi ákvæði séu til staðar í samþykktum annarra lífeyrissjóða án þess að þau hvíli á skýru lagaákvæði, t.d. er kveðið á um sambærileg sérákvæði um ótímabundinn eða ævilangan makalífeyri í samþykktum Stapa lífeyrissjóðs og samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Þá er bent á að talið var heimilt að fella 4. mgr. 17. gr. brott úr lögum um Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins frá og með 1. júní 2017. Það lagaákvæði hefur að geyma samsvarandi ákvæði um réttindi til handa mökum sjóðfélaga sem verða áfram tryggð í samþykktum sjóðsins þrátt fyrir brottfall laganna.

Loks segir orðrétt í fyrrnefndu minnisblaði:

Ákvæði 6. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda veitir réttindi umfram þau lágmarksréttindi sem kveðið er á um í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Lög 129/1997 kveða á um þau lágmarksréttindi sem lífeyrissjóðum ber að veita sjóðfélögum og er lífeyrissjóðum ekki heimilt að kveða á um lakari rétt í samþykktum lífeyrissjóða en lögin kveða á um. Lögin girða hins vegar ekki fyrir að í samþykktum lífeyrissjóða sé sjóðfélögum veittur betri réttur en lögin kveða á um. Ekki er unnt að fallast á að lagabod sé nauðsynlegt til að tryggja þau áunnu réttindi sem um ræðir í málinu í ljósi þess að heimilt er að kveða á um ríkari rétt í samþykktum lífeyrissjóða en lög nr. 129/1997 kveða á um. Að lokum er rétt að geta þess að skv. 28. gr. laga nr. 129/1997, skal stjórn lífeyrissjóðs tilkynna fjármála- og efnahagsráðherra um allar breytingar á samþykktum lífeyrissjóðs og öðlast breytingarnar ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest að þær fullnægi ákvæðum laganna og ákvæðum gildandi samþykktum fyrir lífeyrissjóðinn að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Til að taka af allan vafa staðfestist að ráðuneytið telur ekki heimilt að íslenskum lögum að fallast á neinar þær breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs bænda sem fela í sér afnám þeirra réttinda sem hér um ræðir og þar með skerðingu á réttindum eins hóps rétthafa umfram aðra. Sá hópur sem fellur undir réttindi 6. gr. laga um lífeyrissjóðinn mun því standa jafnréttjár eftir brottfall laganna og nú enda eru réttindin áfram tryggð í samþykktum sjóðsins og ekki eru forsendur til að fallast á meiri skerðingu á réttindum þessa hóps en annarra sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda.

3. Lagaumhverfi lífeyrissjóða

3.1. Almennt

Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða gilda um alla lífeyrissjóði og samninga um tryggingavernd eins og nánar er kveðið á um í lögnum. Í lögnum er m.a. kveðið á um lágmarksréttindi sjóðfélaga.

Með lífeyrissjóði er átt við félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts. Iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda er ákveðið með lögum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða öðrum sambærilegum hætti.

Lífeyriskerfið byggist aðallega á skylduáðild og sjóðsmyndun. Undantekningar eru svokallaðir gegnumstreymissjóðir, svo sem B-deild LSR. Sjóðsmyndunarkerfið byggir á því að fjármunum er safnað til þess að vera til reiðu þegar rétthafi þarf á þeim að halda. Það skiptir því miklu að þeir séu tryggilega varðveittir og ávaxtaðir svo rétthafar hafi sem traustasta afkomu þegar aldurinn færir yfir eða þeir verða fyrir áföllum. Í 20. gr. laga nr. 129/1997 segir að starfsemi lífeyrissjóðs skuli lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Lífeyrissjóðir eiga ekki að hafa aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til þess að þeir nái tilgangi sínum.

Samkvæmt 23. gr. laga nr. 129/1997 ábyrgist lífeyrissjóður skuldbindingar sínar með eignum sínum. Iðgjaldagreiðendur bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum. Í 24. gr. laganna kemur fram að stjórn lífeyrissjóðs skuli árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins í samræmi við 39. gr. laganna og ákvæði reglugerðar nr. 391/1998. Í reglugerðinni er kveðið á um almennar tryggingafræðilegar forsendur, m.a. um dánaráhættu, raunvexti sem athugunin skal byggjast á og ávöxtunarkröfu sem nota skal við núvirðingu framtíðariðgjalda og væntanlegs lífeyris sjóðsins.

Ennfremur kemur fram í 28. gr. laganna að allar breytingar á samþykktum lífeyrissjóðs skuli tilkynna ráðherra. Þær öðlast ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest að þær fullnægi ákvæðum laganna og ákvæðum gildandi samþykktu fyrir lífeyrissjóðinn að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Loks er kveðið á um makalífeyri í 16. gr. laganna. Þar segir í 1. mgr. ákvæðisins að lífeyrissjóður skuli greiða lífeyri til maka látins sjóðfélaga ef hann hefur greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanförunum 36 mánuðum fyrir andlát sitt, notið elli- eða örorkulífeyris við andlátinu eða öðlast rétt til framreiknings skv. 3. mgr. 15. gr. laganna. Í athugasemdum með þessu ákvæði í frumvarpi að lögum nr. 127/1997 segir að þetta sé lágmarksákvæði. Því geta lífeyrissjóðir ákveðið rýmri reglur, svo sem m.a. er vikið að í þar sem segir: „3. mgr. 16. gr. laganna, þar sem segir: *„Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný [eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar], nema kveðið sé á um annað í samþykktum.“*

Loks segir í 4. mgr. 16. gr. laganna segir: „Í samþykktum lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um makalífeyri, svo sem um fjárhæð hans, framreikningsreglur, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans“. Þannig kemur skýrt fram í lögum að

frekari ákvæði um makalífeyri skuli setja í samþykktum hvers lífeyrissjóðs og gildir það einnig um ýmis önnur réttindi svo sem barnalífeyri.

3.2. Samþykktir Lífeyrissjóðs bænda

Samþykktir Lífeyrissjóðs bænda eru frá 8. júní 2012. Í 13. gr. samþykktanna er að finna ákvæði um makalífeyri. Nánar tiltekið kemur eftirfarandi fram gr. 13.6.:

Nú andast sjóðfélagi sem orðinn var sjóðfélagi fyrir árslok 1983 og skipti ekki réttindum þeim, er hann átti í sjóðnum í árslok 1983, með maka sínum, og á þá eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum að loknum þeim greiðslutíma sem kveðið er á um í gr. 13.2. til æviloka. Slíkur réttur miðast þó einungis við áunnin réttindi í sjóðnum í árslok 1983 án framreiknings.

4. Forsendur

Af framangreindu er ljóst að ágreiningur fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Lífeyrissjóðs bænda snýst um hvort að með brottfalli laga nr. 12/1999 falli niður réttindi maka sjóðfélaga sem lúta að makalífeyri sem kveðið er á um í 6. gr. laga nr. 12/1999.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 129/1997 er ljóst að réttur til makalífeyris er sjálfstæður réttur maka sjóðfélaga sem stofnast ef sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanförunum 36 mánuðum fyrir andlát sitt, notið elli- eða örorkulífeyris við andlátið eða öðlast rétt til framreiknings skv. 3. mgr. 15. gr. laganna. Þetta er lágmarksréttur til handa maka sjóðfélaga. Þá geta, líkt og fram kom í kafla 3.1. að framan, lífeyrissjóðir mælt fyrir um aukin réttindi til handa sjóðfélögum og mökum þeirra. Það hefur Lífeyrissjóður bænda gert með gr. 13.6. í samþykktum sjóðsins.

Samkvæmt framangreindu mælir gr. 13.6. samþykktu Lífeyrissjóðs bænda um tiltekin rétt maka sjóðfélaga. Allar samþykktarbreytingar þurfa samþykki fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997. Þessi réttindi maka sjóðfélaga njóta verndar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Réttindi maka sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda til makalífeyris samkvæmt 6. gr. laga nr. 12/1999 eru því tryggð í samþykktum lífeyrissjóðsins þrátt fyrir að frumvarp til laga um brottfall laga um lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999 verði samþykkt.

Þar sem réttindi maka sjóðfélaga eru enn tryggð í samþykktum sjóðsins verður ekki séð að brottfall laga nr. 12/1999 feli í sér skerðingu á réttindum sjóðfélaga.

Ætla verður löggjafanum nokkurt svigrúm til að breyta lögum og reglum um lífeyrissjóði með hliðsjón af breyttum aðstæðum. Svigrúm löggjafans til lagabreytinga af þessu tagi er áréttað í dómi Hæstaréttar í máli nr. 101/2002. Þær breytingar sem felast í frumvarpi til laga um brottfall laga um lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999 verður að telja almennar og málefnalegar. Í þeim felst ekki skerðing á réttindum maka sjóðfélaga til makalífeyris. Réttur maka til makalífeyris er tryggður í samþykktum sjóðsins. Réttindi maka sjóðfélaga falla þannig ekki niður verði frumvarpið samþykkt, þar sem reglan stendur áfram óbreytt í samþykktum lífeyrissjóðsins.

Lífeyrissjóðurinn hefur um langt skeið greitt umrædd réttindi án þess að það hafi verið talið skerða rétt annarra sjóðfélaga á ólögmetan hátt og ekki verður séð að brottfall laganna breyti því ef vel er staðið að aðlögun samþykpta sjóðsins að þeim breytingum. En í umsögn lífeyrissjóðsins frá 17. febrúar 2017 segir m.a. „að hvorki núverandi stjórn né komandi stjórnnum sjóðsins verður stætt á því að úthluta án lagastöðar réttindum út fyrir hóp þeirra greiðsluþega sem byggja rétt sinn á hefðbundinni réttindaávinnslu.“ Undirritaðir telja að umrædd réttindi til makalífeyris byggi á réttindaávinnslu sem sjóðfélagi (bóndi) byggði upp á tímabilinu 1971 til 1983. Þrátt fyrir að iðgjaldagreiðslum hafi verið háttáð á annan veg en í dag breytir það því ekki að unnt er að kveða á um réttindin í samþykktum sjóðsins. Ekki er nauðsynlegt að jafnframt sé kveðið á um réttindin í sérlögum..

Loks er það mat undirritaðra að frumvarp til laga um brottfall laga um lífeyrissjóð bænda nr. 12/1999 valdi ekki skerðingu á réttindum maka sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda, enda megji kveða á um greiðslu makalífeyris í samþykktum sjóðsins eins og nú er gert þó lög nr. 12/1999 falli brott. Frumvarpið er því innan þeirra marka, sem 72. gr. stjórnarskrárinnar setur. Ekki verður heldur séð að frumvarpið brjóti gegn öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar, svo sem 65. gr.

5. Samantekt og niðurstaða

Eftir þær breytingar sem hafa orðið á greiðslu iðgjalda til Lífeyrissjóðs bænda á síðustu árum er sjóðnum nú ætlað að starfa á grundvelli samþykktá fremur en á grundvelli sérlaga. Slíkar breytingar hafa almennt verið taldar heimilar að því virtu að gætt sé að réttindum sjóðfélaga.

Það er álit undirritaðra, að virtri forsögu ákvæðis 6. gr. laga nr. 12/1999 og þeirra sjónarmiða sem reifuð eru í hér framar, að þó lög nr. 12/1999 falli brott megi tryggja áfram þau réttindi sem kveðið er á um í 6. gr. laga nr. 12/1999 í samþykktum sjóðsins og þeim almenna grunni sem finna má lögum nr. 129/1997.

Þetta álit er gert með venjulegum fyrirvörum, byggt á gildandi lögum og innsendum erindum og umsögnum við frumvarp til laga um brottfall laga um lífeyrissjóð bænda nr. 12/1999 á 145. og 146 lögjafarþingi.

Undirritaðir eru reiðubúnir til að fjalla nánar um einstök atriði þessa álits verði eftir því óskað.

Reykjavík, 25. maí 2017


Stefán Árni Auðólfsson hdl.


Tómas Hrafn Sveinsson hrl.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**
Dagsetning: **22.05.2017**
Málsnúmer: **FJR17010114**
Bréfalykill: **3.3**

Efni: Frumvarp til laga um brottfall laga um lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, með síðari breytingum.

Ráðuneytið vísar til frumvarps til laga um brottfall Lífeyrissjóðs bænda nr. 12/1999, með síðari breytingum, sem lagt var fram á 146. löggjafarþingi (67. mál, þskj. 124). Í umsögnum stjórnar lífeyrissjóðsins hefur komið fram að með niðurfellingu laganna sé verið að skerða réttindi tiltekins hóps sjóðfélaga til greiðslna úr sjóðnum. Í því sambandi hefur helst verið vísað til 6. gr. laga um sjóðinn sem kveður á um lífeyri til handa þeim sjóðfélögum sem voru makar bænda á árunum 1971-1983.

Í málatilbúnaði ráðuneytisins hefur komið fram að í 6. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda sé kveðið á um réttindi sem ekki verða tekin af sjóðfélögum þrátt fyrir að löginn falli úr gildi. Í því sambandi hefur m.a. verið vakin athygli á að í núgildandi samþykktum sjóðsins (grein 13.6) sé að finna samsvarandi ákvæði og kveðið er á um í 6. gr. laganna og þar sem umrædd makaréttindi eru tryggð. Þá hefur ráðuneytið jafnframt bent á að samsvarandi ákvæði séu til staðar í samþykktum annarra lífeyrissjóða án þess að þau hvíli á lagaskyldu, t.a.m. er kveðið á um sambærileg sérákvæði um ótímabundinn eða ævilangan makalífeyri í samþykktum Stapa lífeyrissjóðs (viðauki C, 89. gr.) og samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (14.5. gr.). Einnig var talið viðhlítandi að fella 4. mgr. 17. gr. brott úr lögum um Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins frá og með 1. júní nk., en ákvæðið hefur að geyma samsvarandi ákvæði um réttindi til handa mökum sjóðfélaga sem verða áfram tryggð í samþykktum sjóðsins þrátt fyrir brottfall laganna.

Ákvæði 6. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda veitir réttindi umfram þau lágmarksréttindi sem kveðið er á um í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Lög 129/1997 kveða á um þau lágmarksréttindi sem lífeyrissjóðum ber að veita sjóðfélögum og er lífeyrissjóðum ekki heimilt að kveða á um lakari rétt í samþykktum lífeyrissjóða en löginn kveða á um. Löginn girða hins vegar ekki fyrir að í samþykktum lífeyrissjóða sé sjóðfélögum veittur betri réttur en löginn kveða á um. Ekki er unnt að fallast á að lagabod sé nauðsynlegt til að tryggja þau áunnu réttindi sem um ræðir í málinu í ljósi þess að heimilt er að kveða á um ríkari rétt í samþykktum lífeyrissjóða en lög nr. 129/1997 kveða á um.

Að lokum er rétt að geta þess að skv. 28. gr. laga nr. 129/1997, skal stjórn lífeyrissjóðs tilkynna fjármála- og efnahagsráðherra um allar breytingar á samþykktum lífeyrissjóðs og öðlast breytingarnar ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest að þær fullnægi ákvæðum laganna og ákvæðum gildandi samþykktu fyrir lífeyrissjóðinn að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Til að taka af allan vafa staðfestist að ráðuneytið telur ekki heimilt að íslenskum lögum að fallast á neinar þær breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs bænda sem fela í sér afnám þeirra réttinda sem hér um ræðir og þar með skerðingu á réttindum eins hóps rétthafa umfram aðra. Sá hópur sem fellur undir réttindi 6. gr. laga um lífeyrissjóðinn mun því standa jafnréttá eftir brottfall laganna og nú enda eru réttindin áfram tryggð í samþykktum sjóðsins og ekki eru forsendur til að fallast á meiri skerðingu á réttindum þessa hóps en annarra sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda.


27. apríl 2017
Hallveigarstöðum, Reykjavík

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands frumvarp til laga um brottfall laga um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, með síðari breytingum, þingskjal 124 — 67. mál, 146. löggjafarþing.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um brottfall laga um Lífeyrissjóð bænda.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands vill koma því á framfæri að félagið tekur undir umsögn Lífeyrissjóðs bænda, frá 27. janúar 2017, að með því að fella niður 6. grein núgildandi laga um Lífeyrissjóð bænda séu réttindi maka bænda skert, sem í flestum tilvikum eru konur sem fengu ekki að greiða sjálfar í sjóðinn fyrir en 1984.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands lýsir yfir andstöðu sinni við slíkri skerðingu á réttindum kvenna í bændastétt.



Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir
frankvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands

Nefndarsvið Alþingis,
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2017.

**Athugasemdir við viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytis
við umsögn Lífeyrissjóðs bænda um mál nr. 67 um brottfall laga nr. 12/1999.**

Í viðbrögðum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 14. febrúar 2017 **gætir alvarlegs misskilnings** sem nauðsynlegt er að vekja athygli á.

Í athugasemdum ráðuneytisins er meðal annars þetta að finna:

„Í umsögnum stjórnar lífeyrissjóðsins kemur fram að með niðurfellingu laganna sé verið að skerða réttindi tiltekins hóps sjóðfélaga til greiðslna úr sjóðnum og er í því sambandi vísað til 6. gr. laga um sjóðinn sem kveður á um lífeyri til handa þeim sjóðfélögum sem voru makar bænda á árunum 1971-1983. Stjórn sjóðsins telji því mikilvægt að sérlög gildi áfram um sjóðinn. Líkt og áður hefur komið fram af hálfu ráðuneytisins er það mat þess að í 6. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda sé kveðið á um áunnin réttindi sem ekki verða tekin af sjóðfélögum þrátt fyrir að lögini falli úr gildi. Ráðuneytið hefur m.a. í því sambandi vakið athygli á að í núgildandi samþykktum sjóðsins (grein 13.6) sé að finna samsvarandi ákvæði og kveðið er á um í 6. gr. laganna og þar sem umrædd makaréttindi eru tryggð.

Ákvæði 6. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda veitir réttindi umfram þau lágmarksréttindi sem kveðið er á um í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Lög 129/1997 kveða á um þau lágmarksréttindi sem lífeyrissjóðum ber að veita sjóðfélögum og er lífeyrissjóðum ekki heimilt að kveða á um lakari rétt í samþykktum lífeyrissjóða en lögini kveða á um. Lögini girða hins vegar ekki fyrir að í samþykktum lífeyrissjóða sé sjóðfélögum veittur betri réttur en lögini kveða á um. Ráðuneytið fellst því ekki á þau sjónarmið sem fram koma í umsögn stjórnar Lífeyrissjóðs bænda.“

Í 6. gr. laga nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda er kveðið á um sértæka útgreiðslu lífeyris, makalífeyri, til eftirlifandi maka sem ekki hafa sjálfir öðlast réttindi til útgreiðslu úr sjóðnum, hvorki fyrir eigin réttindaávinnslu né fyrir framsal á réttindum hins látna maka.

Lífeyrissjóður bænda fullyrðir að sjóðnum væri beinlínis óheimilt að setja einhver þannig **"óáunnin"** réttindi í samþykktir án lagastoðar. Slíki útgreiðsla hlýtur að skerða réttindi annarra sjóðfélaga með áunnin réttindi að tiltölu. Það þýðir m.ö.o. að hver króna greidd á þessum grunni skerðir réttindi hinna sjóðfélaganna að sama skapi, - svo einfalt er það.

Vangaveltum hins háa ráðuneytis um að engu breyti þó lögini falli úr gildi þar sem þessara réttinda hafi notið áður er vísað til föðurrhúsanna sem beinlínis röngum. Lögfræðileg léttúð ráðuneytisins í umgengni við lögfræðilegar spurningar sem varða fjölda fólks miklu, sæta óneitanlega furðu. Auðvitað breytir það engu þó áður hafi jafnframt verið fjallað um tilvitnuð réttindi í

samþykktum sjóðsins þar sem réttindin hljóta að falla niður þegar lagastoðinni er kippt undan þeim. Það er vissulega rétt hjá ráðuneytinu að hægt er að veita rýmri rétt til handa sjóðfélaga með samþykktum. Það á hins vegar eingöngu við um réttindi sem deilast á fullgilda sjóðfélaga, þ.e. sjóðfélaga með áunnin réttindi, enda sé þeim viðbótargæðum úthlutað til sjóðfélaga með lögmætum hætti.

Lífeyrissjóðurinn hefur margbent á, að hægt væri að skipa þessu lagaákvæði einhvers staðar annars staðar í löggjöfinni, verði lögin felld óumbeðið niður. Lífeyrissjóðurinn sér hins vegar enga nærtæka lausn blasa við í því sambandi. Ef lög nr. 12/1999 verða felld úr gildi skapast bótaskylda hjá ríkissjóði vegna þess tjóns sem viðkomandi greiðsluþegum yrði bakað. Réttindin njóta réttarverndar stjórnarskrár eins og önnur eignarréttindi.

Eitt er í öllu falli víst; hvorki núverandi stjórn né komandi stjórn sjóðsins verður stætt á því að úthluta án lagastoðar réttindum út fyrir hóp þeirra greiðsluþega sem byggja rétt sinn á hefðbundinni réttindaávinnslu.

Að síðustu er rétt að áréttta að réttindi þau sem hér er um að tefla eru í raun kvenréttindi, réttindi sem bráðabirgðaákvæði 6. gr. í lögum nr. 12/1999 var ætlað að tryggja. Konurnar unnu á býlunum til jafns við karlana, en var meinuð aðild að lífeyrissjóðnum allt til ársins 1984 vegna mótframlagsgreiðslna úr ríkissjóði. Ákvæði 6. greinar er tilkomið vegna þeirra hjóna sem ekki skiptu réttindum á milli sín fyrir tímabilið 1971-1983 þegar konunum var ekki heimilt að greiða í sjóðinn. Við fráfall bónda, sem aflaði sér réttinda á þessum árum, á kona hans rétt á venjulegum makalífeyri út á öll réttindi bóndans í tvö ár eins og hefðbundið er. Eftir þann tíma á makinn rétt á ævilöngum lífeyri út á helming þeirra réttinda sem bóndinn aflaði á árunum 1971-1983.

Í dag eru breyttir tímar, sem betur fer, þar sem nú eru bæði hjóna talin bændur í öllu tilliti. Það breytir ekki því að enn er við fortíðardrauga að etja í jafnréttismálum. Margumræddri 6. gr. laga nr. 12/1999 var einmitt ætlað að kveða einn slíkan niður. Því er skorað á hið háa Alþingi að hrinda þessari aðför kontórista í kansellínu og hrapa ekki að neinni lögleysu.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Lífeyrissjóðs bændna



Ólafur K. Ólafsson
framkvæmdastjóri

27.1.2017

Nefndasvið Alþingis, efnahags- og viðskiptanefnd
Benedikt Jóhannesson, efnahags- og fjármálaráðherra
Smári McCarthy, alþm.

Í ljósi umræðu á Alþingi 26. janúar 2017 er eftirfarandi efni sent frá
Lífeyrissjóði bænda til upplýsinga vegna þingmáls nr. 67.

<http://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-1570.pdf>

Hér að ofan er umsögn Lífeyrissjóðs bænda frá því 18. maí 2016 sem er inni á málinu nr 67 (var nr. 666 sl. vor) á vefsvæði Alþingis. Þar sem skýrt kemur fram að

"sértæk útgreiðsla lífeyris, umfram hefðbundinn lífeyri sem viðkomandi hefur áunnið sér, þurfi ávallt að hafa lagastoð. Því ber að gjalda varhug við því að fella lögin úr gildi og þar með fyrrgreind réttindi (innsk. skv. 6.gr.) sem hlýtur að verða að meðhöndla með hliðstæðum hætti og eignarréttindi þegar höfð er í huga forsaga málsins og áralöng lagavernd."

Á tímum krafna um jafnrétti er eðlilegt að benda á að ef lögin yrðu felld úr gildi, væri verið að skerða réttindi maka bænda, í flestum tilvikum er um konur að ræða, sem fengu ekki rétt til að greiða í sjóðinn fyrr en 1984. Heimild var því til að skipta réttindum fyrir tímabilið 1971-1983 og þau réttindi samkvæmt sérlögum um sjóðinn haldast enda þótt ekki hafi verið skipt áunnum réttindum fyrir tilgreint tímabil.

Í umsögn sjóðsins til efnahags- og viðskiptanefndar 18. maí 2016 kemur fram: "Í ljósi framangreinds telur Lífeyrissjóður bænda mikilvægt að sérlög um sjóðinn verði ekki felld niður heldur þeim aðeins breytt að því er varðar aðkomu ríkissjóðs í lögunum, þ.m.t. um skipun stjórnar og greiðslu mótframlags úr ríkissjóði. Í því sambandi telur stjórn sjóðsins eðlilegt að skipunartímabil núverandi stjórnar standi óbreytt en breytt skipan stjórnar taki gildi frá og með 1. janúar 2019.

Stjórn leggur til að breytt lög um sjóðinn feli í sér eftirfarandi efnisatriði, lagagreinar:

1. Um heiti og hlutverk, óbreytt.
2. Um skipan stjórnar verði óbreytt þar til núverandi skipunartímabili ljúki en við taki síðan breytt ákvæði í samþykktum sjóðsins um skipan stjórnar f.o.m. 1. janúar 2019.
3. Um sjóðsaðild. Greininni verði breytt þannig að aðild að sjóðnum verði öllum opin. Jafnframt verði sjóðurinn starfsgreinasjóður bænda.

4. Um iðgjaldsstofn, iðgjald og réttindi fari eftir 3. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. *Eftirfarandi ákvæði falli út: „Mótframlag skal greitt af sjóðfélaga sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.“*

5. Um innheimtu verði að mestu óbreytt, þó verði sjóðfélögum ekki skylt að greiða iðgjaldið með aftekt beingreiðslna, heldur verði það að vali sjóðfélagans.

6. Sérákvæði 6. gr. haldast óbreytt. Þannig verði sértæk útgreiðsla lífeyris, umfram hefðbundinn lífeyri, sem viðkomandi hefur áunnið sér, tryggð. Slík útgreiðsla þarf alltaf að hafa lagastoð að mati stjórnar sjóðsins.

7. Um samþykktir, óbreytt.

8. Um réttindatíma þeirra sem eru fæddir 1914 eða fyrr, lífeyri, grundvallarlaun, umsóknir og tilkynningarskyldu, óbreytt."

Í skjalinu (innsend erindi 18. maí 2016) er jafnframt skjal, sem sýnir tillögur að breyttum lögum um sjóðinn.

Lífeyrissjóður bænda er reiðubúinn til að veita frekari umsögn og kynna málið fyrir nýrri efnahags- og viðskiptanefnd.

Með kveðju / Regards,

Ólafur K. Ólafs

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda

Stórhöfða 23, 4. hæð, 110 Reykjavík

s. 5631300, 8930354

E-mail: olafur@lsb.is - www.lsb.is

Hr. Ólafur K. Ólafs, framkvæmdastjóri
Lífeyrissjóði bænda

Yfirlit um réttindi maka samkvæmt grein 13.6 í samþykktum sjóðsins

Með ákvæðum greinar 13.6 í samþykktum Lífeyrissjóðs bænda er mökum sjóðfélaga sem öfluðu réttinda fyrir árið 1984 tryggt sérstök réttindi hafi sjóðfélagi ekki skipt réttindum með maka sínum. Þannig segir í grein 13.6:

„Nú andast sjóðfélagi sem orðinn var sjóðfélagi fyrir árslok 1983 og skipti ekki réttindum þeim, er hann átti í sjóðnum í árslok 1983, með maka sínum, og á þá eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum að loknum þeim greiðslutíma sem kveðið er á um í gr. 13.2. til æviloka. Slíkur réttur miðast þó einungis við áunnin réttindi í sjóðnum í árslok 1983 án framreiknings.“

Þau réttindi sem þetta getur átt við um eru ekki merkt sérstaklega í réttindabókhalda. Í tryggingafræðilegri athugun miðað við lok árs 2015 sem undirritaður vann var mat á þessum réttindum unnið með þeim hætti að fundnir voru allir sjóðfélagar sem höfðu áunnið sér réttindi fyrir árið 1984, og sem ekki áttu maka sem höfðu áunnið sér rétt fyrir þann tíma. Öll réttindi sjóðfélaga í þessum hóp, sem áunnin voru fyrir 1984 voru talin veita rétt samkvæmt grein 13.6. Um eitthvert ofmat er væntanlega að ræða þar sem ekki er víst að hjúskapur hafi staðið allan þann tíma sem réttinda var aflað fyrir 1984.

Fyrir makalífeyrisþega sem fengu greiðslur í lok árs 2015 er skráð í lífeyrisstýringar hvort og þá hvenær makalífeyrir falli niður, og þurfti því ekki að huga sérstaklega að rétti skv. grein 13.6 fyrir þann hóp við gerð tryggingafræðilegrar athugunar.

Hér hefur allur makalífeyrisréttur sem skráður er sem ævilangur verið talinn til réttinda samkvæmt 13.6 enda mun ekki vera um önnur slík réttindi að ræða í sjóðnum. Skuldbindingar og fjöldi rétthafa reiknaðist sem hér segir:

Tryggingafræðileg athugun Lífeyrissjóðs bænda 2015

Skuldbindingar vegna réttar maka skv. gr. 13.6

	Fjöldi	Árlegur réttur maka	Skuldbinding
Makalífeyrisþegar	648	78.814.284	514.814.489
Ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar	682	69.200.815	200.097.340
Sjóðfélagar með geymdan rétt	507	16.778.910	52.046.320
Virkir sjóðfélagar	256	12.193.611	39.383.943
	2093	176.987.620	806.342.091
Allir sem eiga rétt frá því fyrir 1984 og maki á ekki réttindi (með taldir 1267 látnir)	2711	210.608.158	

Virðingarfyllt,

Bjarni Guðmundsson, cand.act.
tryggingastærðfræðingur

From: "Ólafur K. Ólafsson" <olafur@lsb.is>

Date: Thu, May 18, 2017 at 3:31 PM +0000

Subject: Varðar aths og áriðandi skilaboð vegna frumvarps nr 67 um Lsj bænda

To: "Óli Björn Káráson" <olibjorn@althingi.is>

Cc: "Lilja Alfreðsdóttir" <liljaa@althingi.is>, "Katrín Jakobsdóttir" <katrinja@althingi.is>, "Smári McCarthy" <smarim@althingi.is>, "Jón Steindór Valdimarsson" <jonv@althingi.is>, "Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir" <aslaugs@althingi.is>, "Vilhjálmur Bjarnason" <vilhjalmurb@althingi.is>, "Brynjar Þór Nielsson" <brynjarn@althingi.is>, "Rósa Björk Brynjólfsson" <rosabjork@althingi.is>, "Logi Einarsson" <logie@althingi.is>

Sæll Óli Björn

Hef heyrt að nú eigi að keyra í gegn óbreytt frumvarp um brottfall laga um Lsj bænda, ÞRÁTT FYRIR athugasemdir sem sendar hafa verið efnahags- og viðskiptanefnd, m.a. frá stjórn Lífeyrissjóðs bænda.

1. Athygli vekur að í minnisblaði fjármálaráðuneytisins dags. 30. mars 2017 er hlutum í fortíðinni snúið á haus, meðal annars er því haldið fram að útgreiðslu 294 mkr úr ríkissjóði 2010, sbr. ákvæði um Lífeyrissjóð bænda í samningi 2010 milli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og BÍ, hafi verið til að standa straum að skuldbindingum skv. 6. gr. laga nr 12/1999, makalífeyrisgreiðslum, en ekki til að auðvelda aðlögun sjóðfélaga að breyttu fyrirkomulagi mótframlagsgreiðslna eins og segir í tilvísuðum samningi frá árinu 2010. Ríkissjóður hætti greiðslum mótframlags í sjóðinn 2010 og hefur mótframlag verið greitt af sjóðfélögum síðan þá að undanskildu þessum 294 mkr. aukaframlagi.

2. Hér reynir ríkissjóður (fjármálaráðuneytið) að tryggja sig með því að koma með eftir á skýringu að ákvörðuð greiðsla 2010 hafi verið fyrir eitthvað allt annað en til greiðslu mótframlags í sjóðinn. Til uppl. skal þess getið að sjóðurinn ráðstafaði þessum 294 mkr í mótframlagsgreiðslur í sjóðinn 2011 og 2012 skv. samkomulaginu þannig að hvernig má það vera að sjóðurinn eigi að geta notað þessa fjármuni til að standa straum að ævilöngum makalífeyri þeirra sem ekki hafa öðlast réttindi til útgreiðslu úr sjóðnum, hvorki fyrir eigin réttindaávinnslu né fyrir framsal á réttindum hins látna. Þú notar ekki sömu krónuna tvisvar, svo mikið er víst.

2. Ákvörðun Alþingis að setja inn makalífeyrisréttindi ævilöng í lögin um sjóðinn til útvaldra, þeirra sem hvorki hafa fengið þau fyrir eigin réttindaávinnslu né framsal á réttindum hins látna, vekur furðu þar sem hún var ekki fjármögnuð þegar hún var sett í lögin. Skuldbinding vegna þeirra mun því alltaf lenda á ríkinu ef lagastoðin er ekki til staðar.

3. Um leið og lögin eru felld úr gildi, er ekki hægt að mismuna sjóðfélögum. Við erum þá farin að greiða ævilangan lífeyri út á 0 (núll) réttindi og það aðeins til útvaldra, úr sameiginlegum sjóði annarra sem ekki njóta sömu kjara og skerðir það þá þeirra kjör. **Purfum ætíð að gæta jafnræðis gagnvart þeim sem eiga réttindi í sjóðnum.**

4. Lögfræðileg léttúð ráðuneytisins í umgengni við lögfræðilegar spurningar sem varða fjölda fólks miklu, sæta óneitanlega furðu. Auðvitað breytir það engu þó áður hafi jafnframt verið fjallað um tilvitnuð réttindi í samþykktum sjóðsins þar sem réttindin hljóta að falla niður

þegar lagastoðinni er kippt undan þeim. Það er vissulega rétt hjá ráðuneytinu að hægt er að veita rýmri rétt til handa sjóðfélaga með samþykktum. **Það á hins vegar eingöngu við um réttindi sem deilast á fullgilda sjóðfélaga, þ.e. sjóðfélaga með áunnin réttindi, enda sé þeim viðbótargæðum úthlutað til sjóðfélaga með lögmætum hætti.**

5. Í bréfi sínu vísar ráðuneytið í tilvísuð ákvæði hjá Stapa og Lífsj verslunarmanna, og segir þau sambærileg og 6. gr. hjá Lsj bænda, sem er alrangt. Í tilviki Lsj verslunarmanna og Stapa er um að ræða fullgilda sjóðfélaga með réttindi þar sem réttindin eiga við alla sem uppfylla tiltekin aldursákvæði. Það á svo sannarlega ekki við í tilviki Lífeyrissjóðs bænda eins og fram hefur komið.

6. Fram hefur komið að skuldbinding skv. 6 gr. sé 806 milljónir króna og eigi við 2100 manns. Þetta eru fjármunir og skuldbinding sem stjórn Lífeyrissjóðs bænda hefur ekki heimild til að halda áfram greiðslu á, ef lagastoðinni er kippt undan.

Eitt er í öllu falli víst; hvorki núverandi stjórn né komandi stjórnnum sjóðsins verður stætt á því að úthluta án lagastoðar réttindum út fyrir hóp þeirra greiðsluþega sem byggja rétt sinn á hefðbundinni réttindaávinnslu.

Að síðustu er rétt að áréttta að réttindi þau sem hér er um að tefla eru í raun kvenréttindi, réttindi sem bráðabirgðaákvæði 6. gr. í lögum nr. 12/1999 var ætlað að tryggja. Konurnar unnu á býlunum til jafns við karlana, en var meinuð aðild að lífeyrissjóðnum allt til ársins 1984 vegna mótframlagsgreiðslna úr ríkissjóði. Ákvæði 6. greinar er tilkomið vegna þeirra hjóna sem ekki skiptu réttindum á milli sín fyrir tímabilið 1971-1983 þegar konunum var ekki heimilt að greiða í sjóðinn. Við fráfall bónda, sem aflaði sér réttinda á þessum árum, á kona hans rétt á venjulegum makalífeyri út á öll réttindi bóndans í tvö ár eins og hefðbundið er. Eftir þann tíma á makinn rétt á ævilöngum lífeyri út á helming þeirra réttinda sem bóndinn aflaði á árunum 1971 -1983.

Í dag eru breyttir tímar, sem betur fer, þar sem nú eru bæði hjóna talin bændur í öllu tilliti. Það breytir ekki því að enn er við fortíðardrauga að etja í jafnréttismálum. Margumræddri 6. gr. laga nr. 12/1999 var einmitt ætlað að kveða einn slíkan niður.

Því er skorað á nefndina og Alþingi að hrapa ekki að neinni lögleysu og hafna frumvarpi nr. 67.

Nánari upplýsingar góðfúslega veittar.

Með kveðju / Regards,
Ólafur K. Ólafs
Frankvæmdastjóri / Managing Director

Alþingi 11.4.2017

Málsnr.: 1701106
Málalykill: 0.34.3

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Kirkjubæjarklaustri 10.04 2017

Erindi: 67. mál, Lagafrumvarp um brottfall laga um Lífeyrissjóð bænda - Réttindi bændakvenna.

Fyrir Efnahags- og viðskiptanefnd liggur fyrir að fjalla um niðurfellingu laga um Lífeyrissjóð bænda.

Í 6. gr. laga nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda er kveðið á um sértæka útgreiðslu lífeyris, makalífeyri, til eftirlifandi maka sem ekki hafa sjálfir öðlast réttindi til útgreiðslu úr sjóðnum, hvorki fyrir eigin réttindaávinnslu né fyrir framsal á réttindum hins látna maka.

Mótmæli ég því harðlega að þessi grein verði felld úr lögum.

Enginn getur ímyndað sér hvernig bændakonum leið og þar á meðal undirritaðri þegar tekið var 4% af prósent af innleggi okkar og flutt í lífeyrissjóð eiginmanna okkar. Ég held að sjaldan í lífinu hafi verið gert jafn lítið úr mér.

Lífeyrissjóður bænda var stofnaður árið 1974.
En það var ekki fyrr en 1984 sem konur fengu aðild að sjóðnum.

Þá var eiginmönnum okkar sent bréf þar sem þeim var gefinn kostur á að skipta lífeyrisréttindum milli sín og eiginkvennanna.
Af hverju hljóðaði bréfið ekki að þeir þyrftu að senda bréf ef ekki ætti að skipta réttindunum?

Að lágmarki átti að skila okkur því sem hafði verið hirt af okkur.

Hafið það í huga að á þessum árum var framið mannréttindabrot á íslenskum bændakonum.

Sem betur fer hafa konur í dag kost á að leita réttar síns, t.d. hjá Umboðsmanni Alþingis og dómstólum landsins.

Virðingarfyllst,



Sólrun Ólafsdóttir
Kirkjubæjarklaustri II
880 Kirkjubæjarklaustri